

**39. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn  
Strandgötu 38, 7. febrúar 2019  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Benedikt Davíð Hreggviðsson (BDH), Aðalsteinn Magnússon (AM), Bryndís Sigurðardóttir (BS), Sigurvin Hreiðarsson (SH), Jóhann Birkir Helgason (JBH) í síma og Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG) í síma.

**Fundargerð ritaði:** Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri

**Dagskrá:**

**1. Guðmundur M. Ástþórsson. Umsókn um lóð, Dunhagi. - 1706039**

Tekið fyrir að nýju Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag vegna svæðis merkt V5, Dunhagi. Auglýsing birtist ekki í Lögbirtingablaðinu og þarf því að taka fyrir að nýju. *Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti og leggur til að aðalskipulagsbreytingin verði endurauglýst skv. 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Samþykkt samhljóða*

**2. AðalskipulagEndurskoðun - 1809041**

Tekin fyrir greinargerð frá Landmótun dags. í janúar 2019 er varðar endurskoðun á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps. Þar er fjallað um verklag, framsetningu gagna ásamt verk- og tímaáætlun.

*Greinargerð Landmótunar samþykkt og vísað áfram til sveitarstjórnar til afgreiðslu.*

*Samþykkt samhljóða*

Sigurvin Hreiðarsson vék af fundi

**3. Breyting á aðalskipulagi - 1902411**

Lagt fram bréf frá Sigurvin Hreiðarssyni fyrir hönd Arctic Smolt hf. dags. 5. febrúar 2019 þar sem óskað er eftir að gerð verði breyting á aðalskipulagi Tálknafjarðar þannig að hægt sé að vera með rekstrarleyfi fyrir allt að 1000 tonna framleiðslu í Norður Botni.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti og leggur til að farið verði með hana sem óverulega breytingu á aðalskipulagi sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Út fylltur gátlisti skipulagsfulltrúa um óverulegar breytingar lá fyrir því til stuðning.*

*Samþykkt samhljóða*

Sigurvin mætti aftur inn á fundinn

**4. Tungusilungur breyting á deiliskipulagi - 1902423**

Tekin fyrir umsókn frá Gunnlaugi Birni Jónssyni dags. 6. febrúar 2019 ásamt deiliskipulagsuppdrætti dags. 6. febrúar 2019 þar sem sótt er um heimild til að breyta

deiliskipulagi fyrir athafnasvæði fisk- og seiðiseldis í landi Innstu Tungu. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að byggingarreitur B1 er stækkaður úr 900 m<sup>2</sup> í 2600 m<sup>2</sup>. Hámarksbyggingarmagn fer úr 360 m<sup>2</sup> í 600 m<sup>2</sup> og mænishæð allt að 9 m. Deiliskipulag sem auglýst var í stjórnartíðindum með gildistöku 1. október 2018 telst ógild þar sem ekki var búið að taka fyrir afgreiðslubrэф Skipulagsstofnunar dagsett 26. september 2018. Skipulagsfulltrúa barst aldrei afgreiðslubrэф frá Skipulagsstofnun en í því gat stofnunin ekki tekið afstöðu til deiliskipulagsins fyrr en ljóst er með hvaða hætti brugðist var við athugasemdum Minjastofnunar, dagsett 15. júní 2018 og Veðurstofunnar, dagsett 4. desember 2017. Fornleifaskráning liggur fyrir sem gerð var í júlí 2018. Í umsögn Veðurstofunnar kom fram að þörf sé á staðbundnu hættumati ef um reglulega viðveru starfsmanna væri á svæðinu. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til að upprunalegt deiliskipulag verði auglýst að nýju með þeirri breytingu sem sótt er um í innsendu erindi dagsett 6. febrúar 2018. Ekki er talin þörf á að senda tillöguna aftur til umsagnaraðila þar sem breytingin sem óskað er eftir er óumtalsverð. Samkvæmt framkvæmdaraðila verður ekki föst viðvera á svæðinu en stöðinni verður sinnt frá Strandgötu 39 eða eins og segir í skilmálum: "Aðstaða fyrir starfsmenn er, og verður áfram, í byggingu Tungusilungs á Strandgötu 39 og því ekki nauðsynlegt sé að gera staðbundið hættumat. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að fyrirhuguð viðbótarlandfylling er tilkynningarskyld til sveitarfélagsins sbr. C-flokkur, liður 10.23 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. sem og mögulega liður 1.12. Framkvæmdaraðili þarf því að senda sveitarfélaginu tilkynningu, þar sem gerð er grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, staðsetningu og helstu mögulegum áhrifum og óskar eftir að sveitarfélagið taki ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

*Samþykkt samhljóða*

##### **5. Breyting á deiliskipulagi - Norður botn - 1902432**

Lögð fram drög að tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Norður Botn frá Verkís HF dags. 4. febrúar 2019. Tillagan gerir ráð fyrir að byggingarreitur stækki úr 25.000 m<sup>2</sup> í 69.700 m<sup>2</sup> eða um 44.700 m<sup>2</sup>. Hámarksstærð bygginga fer úr 15.000 m<sup>2</sup> í 30.000 m<sup>2</sup> eða um 15.000 m<sup>2</sup>. Gert er ráð fyrir að hámarksframleiðsla fari úr 400t í 1000t.

*Lagt fram til kynningar.*

*Fiskeldi þar sem ársframleiðsla er 200t eða meiri og fráveita er til sjávar, er tilkynningarskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.*

##### **6. Túngata 28, bílskúr - 1902415**

Tekin fyrir umsókn frá Jónasi Snæbjörnssyni dags. 5. febrúar 2019 þar sem þar sem sótt er um leyfi til að gera gestaherbergi í bílskúrnum að Túngötu 28 ásamt því að setja glugga á austurhlið skv. teikningu frá Gingi dags. 5. febrúar 2019.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt samhljóða*

##### **7. Umsókn um Byggingarleyfi - 1902347**

Tekið fyrir erindi frá Birni Magnúsi Magnússyni dags. 30. janúar 2019 fh. Bæjarvík ehf þar sem sótt er um byggingarleyfi fyrir stækkun á þjónustuhúsi. Stækkunin nemur 55 m<sup>2</sup>.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita byggingarleyfi fyrir stækkun hússins.*

*Byggingarleyfisgjöld samtals kr. 192.787,-*

*Samþykkt samhljóða*

**8. Umsagnarbeiðni Aukin framleiðsla á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði um 14.500 tonn - 1902374**

Tekið fyrir tölvupóstur frá Skipulagsstofnun dags. 1. febrúar 2019 þar sem óskað er umsagnar á auknu framleiðslumagni á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði um 14.500 tonn. Fyrir liggur viðbót við fyrri frummatsskýrslu frá árinu 2015 vegna fjörra úrskurða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 27. september og 4. október 2018.

*Það er sérhverju samfélagi, stóru sem smáu, nauðsynlegt að geta nýtt aðliggjandi auðlindir sér og íbúum sínum til hagsbóta. Í því samhengi skiptir gríðarlega miklu máli að sú auðlindanýting skapi störf á svæðinu og auki hagsæld íbúanna, fyrirtækjanna og samfélaganna í heild.*

*Eins og fram kemur hefur verið bætt úr þeim annmörkum sem ÚUA tali vera á matsskýrslu.*

*Niðurstöður sérfræðiálits, eru þær að aðrar eldisaðferðir sem eru nefndir sem kostir í úrskurði ÚUA þykja ekki raunhæfir kostir enn þann dag í dag og þar að auki uppfylla þeir kostir ekki markmið framkvæmdarinnar, sem er að ala lax í sjókvíum á umhverfisvænan hátt.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd telur að viðbót við frummatsskýrslu Fjarðarlax og Arctic Sea Farm uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og geri grein fyrir framkvæmdinni á fullnægjandi hátt.*

*Samþykkt samhljóða*

**9. Svæði tekið til meðferðar hjá Óbyggðanefnd - 1812120**

Tekið fyrir erindi frá Þorsteini Magnússyni, framkvæmdastjóra f.h. Óbyggðanefndar dags. 7. desember 2018 þar sem það er tilkynnt að óbyggðanefnd hefur tekið til meðferðar svæði 10C þ.e. í Barðastrandasýslu.

*Lagt fram til kynningar.*

**10. Veitur Upplýsingar um veitur hjá sveitarfélögum - 1901177**

Lagt fram bréf frá Lilju Bjarklind Kjartansdóttur f.h. Þjóðskrár Íslands dags. 17. desember 2018 þar sem kannað er hvort sveitarfélagið hafi möguleika á að afhenda gögn um veitur og lagnir þannig að hægt sé að skoða þau í landupplýsingakerfi.

*Byggingarfulltrúi hefur sent tölvutæk gögn um vatnsveitu- og fráveitulagnir sveitarfélagsins til Þjóðskrár Íslands.*

*Lagt fram til kynningar.*

**11. Landfræðileg upplýsingagögn sveitafélaga - 1811034**

Tekið fyrir bréf Hjördísar Bragadóttur fh. Þjóðskrár Íslands dags. 22. janúar 2019 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið taki afstöðu til skráninga á fjórum fasteignum í sveitarfélaginu.

*Sveitarstjóra falið að svara þjóðskrár Íslands í samræmi við umræður á fundinum.*

*Samþykkt samhljóða*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:06.**

39. fundur  
10.02.2019

---

Benedikt Davíð Hreggviðsson  
(BDH)

---

Aðalsteinn Magnússon (AM)

---

Bryndís Sigurðardóttir (BS)

---

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

---

Jóhann Birkir Helgason

---

Óskar Örn Gunnarsson